

Niðurstöður aðalfundar Regins hf. 2016

Aðalfundur Regins hf. var haldinn klukkan 16:00 mánudaginn 25. apríl 2016 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2015.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2015:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2016 en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Aðalfundur samþykkti framlagða starfskjarastefnu fyrir félagið að viðbætti viðauka- og breytingartillögu frá Gildi lífeyrissjóði sem stjórn gerði að sinni.

4. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Ekki var lögð fram tillaga um framlengingu heimildar stjórnar til kaupa á eigin bréfum. Núgildandi heimild mun falla niður í október 2016.

5. Breyting á samþykktum félagsins:

Stjórn Regins hf. lagði ekki til við aðalfund breytingu á samþykktum félagsins.

6. Kosning félagsstjórnar:

Framkomið framboð Vignis Óskarssonar var dregið ti baka á fundinum sjálfum og því eru sjálfkjörin í aðalstjórn félagsins til næsta aðalfundar:

Albert Þór Jónsson,
Benedikt K. Kristjánsson,
Bryndís Hrafnkelsdóttir,
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir,
Tómas Kristjánsson,

Eftirtalin voru sjálfkjörin í varastjórn:

Finnur Reyf Stefánsson,
Hjördís D. Vilhjálmsdóttir.

7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 550.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 275.000 kr. á mánuði.

Varamenn: 140.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 275.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Seta í undirnefndum stjórnar: 55.000 kr. fyrir hvern setinn fund.